

Mál nr. 31/2019

Þriðjudaginn 11. febrúar 2020 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 31/2019

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 19. september 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess hún hafi verið með gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 20. september 2019 og henni gefinn frestur til að andmæla til 18. október 2019. Ítrekun var send og kærða svaraði þá efnislega og reifaði þar málsatvik. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 25. júlí 2019 var tíkin A ekki með gilda augnskoðun við pörun. Skv. reglum um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa slík vottorð að vera til staðar við pörun. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Hundarnir eru af kyninu dachshund, miniature long.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina:

Langhundur:

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. Lámarksaldur miniatüre og rabbit Langhunda tíka við pörun er 18 mánaða.

Í málinu liggur fyrir að þegar pörun fór fram hinn 18. mars 2019 lágu ekki fyrir niðurstöður augnskoðunar tíkarinnar. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu dachshund skulu slík vottorð liggja fyrir en þau eru vottorð sem áskilin eru um heilsufarsskoðun tegundarinnar. Hefur kærða því gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða X er áminnt.

f.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir